

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/962****2019/EES/82/03**

frá 12. júní 2019

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 með tilliti til þess að fastsetja tvo nýja virka hópa fóduraukefna (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) 1831/2003 er kveðið á um að flokka skuli fóduraukefni í flokka og enn fremur í virka hópa innan þessara flokka eftir virkni þeirra og eiginleikum.
- 2) Vegna þróunar á sviði tækni og vísinda geta sum efni haft tæknileg áhrif á fóður sem er ekki lýst í tengslum við núverandi virka hópa. Því er rétt að bæta nýjum almennum virkum hópi við í flokkinn „tæknileg aukefni“ til að bæta slíkum efnum við.
- 3) Auk góðra starfsvenja í landbúnaði sem tryggja vellíðan dýra og að ákvæði um velferð dýra séu virt í ESB sýna vísindalegar rannsóknir að sum fóduraukefni geti stuðlað að því að dýr við góða heilsu haldist í góðu lífedeðlisfræðilegu ástandi, stuðlað að velferð dýra, haft jákvæð áhrif á þol dýra gegn streituvöldum eða stuðlað að vellíðan þeirra við tilteknar aðstæður. Þar eð ekki er unnt að flokka helsta verkunarmáta þessara fóduraukefna í neinn þeirra sértæku virku hópa sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er rétt að bæta nýjum virkum hópi við í flokkinn „dýraræktaraukefni“. Þannig ætti að vera hægt að skilgreina betur fyrirhugaðan tilgang þessara aukefna, að fastsetja viðmiðanir fyrir mat á skilvirkni og að skapa skýrleika laga fyrir umsækjendur.
- 4) Til að bæta þessum tveimur nýju virku hópum við ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.***Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1831/2003**

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi lið er bætt við 1. lið:

„o) önnur tæknileg aukefni: efni eða, ef við á, örverur sem er bætt í fóður í tæknilegum tilgangi og sem hafa jákvæð áhrif á eiginleika fódursins.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. tíð. ESB L 156, 13.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. tíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

2) Eftirfarandi lið er bætt við 4. lið:

- „e) efni sem halda lífeðlisfræðilegu ástandi stöðugu: efni eða, ef við á, örverur sem hafa, þegar þau eru gefin dýrum sem eru við góða heilsu, jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilegt ástand þeirra, m.a. með því að stuðla að þoli þeirra gegn streituvöldum.“

2. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júní 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---